


# LEYNILETUR FLOKKSINS

## LEYNILETUR FLOKKSINS


Pað er gaman fyrir flokkinn að eiga sérstakt leyniletur til að nota við fundarboðun eða tilkynningar. Auðvitað er þetta algjört leyndarmál flokksins. Hér verða sýndar tvær aðferðir við að búa til leyniletur, sem hægt er að breyta á ýmsa vegu.




Dragið upp strikin eins og sýnt er á myndunum. Skrifíð síðan stafrófið upp í reitina þannig, að tveir stafir verði í hverjum reit. Setjið nú punkt yfir seinni stafinn og letrið er tilbúið. Í stað bókstafins eru dregin strikin, sem umlykja hann á myndunum. Sé punktur yfir stafnum, er hann einnig settur innan í. Á myndinni er sýnt, hvernig orðin "flokkur" og "skáti" eru mynduð.



Allir skátarnir í flokknum eiga sívala kubba og eru kubbarnir allir nákvæmlega eins. Vefðu mjórri pappírsræmu utan um kubbinn eins og sést á myndinni. Skriftin þarf að vera greinileg. Sendu síðan ræmunu til flokksfélaganna, sem vefja ræmunni utan um kubbinn sinn og geta þá lesið skilaboðin. Skemmtilegt að nota í póstaleik.



— — X R C D Q A N O I C T C Y A G — —



L E N C C V R

F C J V O